

1868.

4. sept.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um það, hver eigi að fá helminginn af sektum og gjöldum, þeim er borguð eru á Ísafirði eptir tilskipun 26. maímán. 1863.

Í bréfi dagsettu 23. júnímán. þ. á. hafð þér, herra amtmáður, skýrt frá, að þér 16. marzmán. f. á. hafð lagt þann úrskurð á fyrirsurn frá bæjarfulltrúunum á kaupstaðnum Ísafirði, að þeim beri ekki neinn hluti af gjöldum þeim, sem borguð eru þar í kaupstaðnum fyrir leyfisbréf til að vera lausamenn. En með því að tæðir bæjarfulltrúar að nýju hafa spurt um, hvort úrskurður dómsmálastjórnarinnar 4. júlímán. 1866, þar sem segir, að svo verði að álíta, að fátækraforstjórnarnir í Reykjavík eigi heimting á helmingnum af gjöldum þessum, verði ekki heimfærður uppá sig, hafð þér skotið málinu til úrskurðar stjórnarráðsins, og látið um leið það álit yðar í ljósi, að með því að ákvörðunin í 15. grein tilskipunarinnar 26. maímán. 1863 verði ekki beinlínis heimfærð uppá bæjarfulltrúana á Ísafirði, og með því að þeir að því leyti hafi ekki öll hin sömu störf á hendi og hreppstjórnarnir — hvernig svo sem er um fátækraforstjórnana í Reykjavík — þá eigi þeir ekki heimting á neinum hluta af tæðum gjöldum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að það þérkunn gjörið, að stjórnar ráðiðfellst á skoðun yðar á málinu, og skal því úrskurður yðar 16. marzmán. f. á. um þetta efni standa óbreyttur.¹

¹) Í úrskurði amtmannsins er svo kveðið á, að gjöld þau og sektir, sem ber að greiða á Ísafirði samkvæmt tilskipun 26. maímán. 1863, skuli renna afdráttarlaust í bæjarsjóðinn, og að þeim skuli varið til framfæris þurfamönnum.